

Náttúran í nýju ljósi

Spendýr

Örstutt um myndbandið: Spendýraættin nær yfir meira en 4000 tegundir. Hér kynnumst við þessari gríðarstöru og fjölbreytilegu ætt dýra þar sem maðurinn er fremstur í flokki.

Efnisráður: Spendýrum er öllum sameiginlegt að hefja lífsferilinn sem frjóvgað egg í móðurkviði, þau hafa öll heitt blóð og þau nara afkvæmi sín á mjólk sem myndast í mjólkurkirtlunum. Fjallað er um aðlögunarhæfni, meðgöngu, viðkomu dýranna svo og hlutverk feldsins, en flest spendýr eru hæð um allan líkamann.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja helstu einkenni spendýra og geta borið þau saman við aðra flokka hryggdýra
- Að skilja hvernig heitt blóð spendýranna gerir þeim fært að aðlagast öfgum veðurfarsins
- Að kunna skil á tengslum stærðar dýranna og meðgöngulengd
- Að skilja sérstöðu mannsins

Helstu atriði og hugtök:

- misheitt blóð
- heitt blóð
- samvinnulíf
- boðskipti spendýra
- viðkoma
- aðlögunarhæfni
- einkenni spendýra
- þróunarbraut
- búsvæði
- skilningarvit
- hljóðsjá

Hugmyndir að verkefnum

- Finna dæmi um aðlögunarhæfni spendýra, t.d. að hita eða kulda
- Skoða hvað greinir manninn frá öðrum spendýrum
- Einkenni spendýra og annara hryggdýraflokka, hvað er sameiginlegt og hvað skilur á milli?
- Samanburður á hinum ýmsu myndum boðskipta spendýra
- Íslensk landspendýr, hver eru þau, helstu einkenni þeirra og hvernig bást þau til landsins?
- Samanburður á þremur mismunandi aðferðum spendýra við fósturþroska, nefna dæmi
- Berið saman mismunandi félagstengsl hjá tegundum spendýra (fjölskyldulíf o.fl.)
- Íslensk sjávarspendýr. Hverjir eru ættbálkar þeirra og helstu tegundir?

Til umræðu:

- Mismunandi lengd þess tíma sem ungvíði spendýra er ósjálfbjarga og hvað það hefur í för með sér
- Hvaða hlutverkum gegnir feldur spendýra?
- Bera saman afkvæmi grasbíta og rándýra, svo sem gnýs og kattar. Hve sjálfbjarga eru þau og af hverju?
- Leðurblökur fylla fjórðung allra spendýrategunda, hvað er sérstakt við boðskipti þeirra?
- Hlutverk fitu hjá sjávarspendýrum
- Hvaða spendýr lifa í sjó við Ísland og hvernig eru þau aðhæð lífi í sjó?

Tengsl við námskrá:

Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; lífsferlar; erfðir, aðlögun og þróun; atferli

Tengsl við námsefni:

Náttúran allan ársins hring

Lifandi veröld

Lífrikið á landi

Náttúruverkefni

Einkenni lífvera

Spendýr á norðurhveli (veggspjald)

Æxlun lífvera

Húsdýrin okkar

Titill á frummáli: *Mammal*

Þýðandi og þulur: Ingi K. Jóhannesson